

Fundur stjórnar Dvalarheimilisins Nausts haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 14. október 2015 kl. 15:00

Mætt voru Elías Pétursson, Kristín Kristjánsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Sveitarstjóri bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Starfsmannamál – næstu skref

Sveitarstjóri fór yfir forsögu, stöðu og tímasetta tillögu að næstu skrefum í starfsmannamálum.

Rekstur Dvalarheimilisins Nausts hefur verið sveiflukenndur mörg undanfarin ár og ýmis málefni þar valdið ákveðnum erfiðleikum. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi þá bera sveitarfélögin Langanesbyggð og Svalbarðshreppur alla ábyrgð og áhættu af rekstri heimilisins.

Sveitarfélögin sem koma að rekstri Nausts hafa sett yfir það rekstrarstjórn, því er það á ábyrgð stjórnar Nausts að leita leiða til að tryggja rekstur heimilisins til langrar framtíðar.

Á þessu ári lítur út fyrir að þrátt fyrir fast að 100% nýtingu á Nausti verði heimilið samt rekið með neikvæðri afkomu. Nauðsynlegt er að snúa þeirri þróun við og nýta þau tækifæri sem felast í bættri nýtingu til þess að byggja heimilið upp til framtíðar.

Það er mat stjórnar Nausts að þörf sé á skoða heildarskipulag á Nausti og horfa í alla þá þætti sem hafa áhrif á rekstur þess.

Fara þarf m.a. yfir eftirfarandi þætti rekstursins:

- Vakta- og vinnuskipulag
- Rekstrarkostnað
- Nýtingu húsnæðis
- Samstarf við Heilbrigðisstofnun Norðurlands
- Heimilishjálp – tenging við Naust?
- Íbúðir aldraðra – samstarf við Naust
- Tólmundastarf aldraðra – tenging við Naust?

Rekin eru mörg dvalarheimili um land allt og er fyrirkomulag rekstrar þeirra um margt mismunandi bæði hvað varðar aðstöðu og samsetningu starfsliðs. Það er mikilvægt að aðlaga rekstur Nausts að því sem best getur talist fyrir dvalarheimili af þeirri stærðargráðu sem um ræðir.

Mikilvægt er að skoða kosti og galla mismunandi rekstrarfyrirkomulags (fyrirkomulag stjórnunar, kostnað o.s.frv.) heimila sem teljast samanburðarhæf við Naust.

Einnig þarf að skoða hugsanlegt samstarf við Heilbrigðisstofnun Norðurlands út frá því hvort hægt sé að tryggja betri þjónustu við heimilisfólk og samfélagið á svæðinu.

Það sem þarf að hafa að leiðarljósi í þessari úttekt er að leita leiða til að bæta reksturinn en um leið tryggja velferð og líðan íbúa á dvalarheimilinu.

Stjórn Nausts telur að næstu skref skuli því vera eftirfarandi:

Sólrún Siggeirsdóttir starfandi hjúkrunarfræðingur á Nausti leiði daglegt starf á heimilinu næstu 4 mánuði þ.e. á meðan á úttektinni stendur. Sólrún mun, í samstarfi við starfsmenn Heilbrigðisstofnunar Norðurlands, sjá til þess að íbúar dvalarheimilisins fái þá þjónustu sem þeim ber. Jafnframt mun hún með öðrum sem að koma skoða hvað tækifæri felist í breyttu eða óbreyttu fyrirkomulagi á starfsemi heimilisins. Sigríður Jóhannesdóttir, fyrrverandi skrifstofustjóri, mun hafa rekstrarlega forsjá og jafnframt skoða rekstur Nausts síðustu ár og kortleggja rekstrartækifæri til framtíðar.

Samantekið þá munu Sólrún og Sigríður reka heimilið meðan úttekt stendur yfir og á sama tíma vinna í nánú samstarfi við stjórn Nausts að mótun framtíðarsýnar og skipulags heimilisins. Einnig verði þess gætt að sveitarstjórnnum beggja sveitarfélaga verði haldið vel upplýstum.

Þegar niðurstaða liggur fyrir þá verður auglýst eftir yfirstjórn fyrir heimilið.

Tíma og aðgerðaáætlun

Nóvember-deseember:

Taka við rekstrinum af núverandi hjúkrunarforstjóra, skoða innri rekstur og hefja skoðun á rekstri annarra hjúkrunarheimila. Til eru úttektir og skýrslur um rekstur dvalarheimila, þær þarf að skoða með það í huga hvað gæti nýst Nausti. Gera samanburð á rekstri Nausts einhver ár aftur í tímann, taka þarf tillit til fjölda einstaklinga á heimilinu, samsetningu þeirra og áhrifa á reksturinn.

Koma þarf upp meiri formfestu á því hvernig gögn eru send inn, hvernig reglulega er farið yfir tekjustreymi, hvernig aðföng eru pöntuð, o.s.frv. Einnig þarf að ramma inn hvaða þjónustu á dvalarheimilið að veita og hvernig hún skuli veitt.

Út úr þessari vinnu komi skýrsla sem lögð verði fyrir stjórn Nausts ásamt þeim leiðum sem hugsanlegt sé að fara í rekstrinum. Þessari vinnu skal lokið fyrir áramót.

Janúar-febrúar:

Unnið verður út frá niðurstöðu stjórnar og henni komið í framkvæmd t.d. með því að auglýsa eftir yfirstjórn.

Mars 2016:

Ný yfirstjórn tekur við Nausti.

2. Önnur mál:

Sveitarstjóri upplýsti að upplýsingar hefðu komið frá hjúkrunarforstjóra þess efnis að fækkað hafði verið um eitt hjúkrunarrými. Fækkun þessi er gerð einhliða af Ráðuneytinu/Sjúkratryggingum.

Ljóst er að Ráðuneytinu/Sjúkratryggingum ber að tilkynna um þessa breytingu en slíkt var ekki gert. Það hefur fengið staðfest.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl. 15:27